

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9  
108 Reykjavík

Sími: 568-5620  
Bréfsími: 568-7057  
Netfang (E-mail): lmfi@tv.is

SÍMBRÉF:  
(TELEFAX)

Alþingi

Erindi nr. D 12/11097

frídagur 18 13 1997.

Dagsetning: 17. mars 1997

Fjöldi blaðsíðna: 1

Móttakandi: Allsherjarnefnd  
Sólveig Pétursdóttir, formaður.

**Efni: Öflun málfutningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands.**

Eins og kunnugt er hefur núverandi fyrirkomulag um öflun málfutningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands sætt nokkurri gagnrýni. Hafa gagnrýnisráddirnar gerst háværan undanfarið vegna frumvarps til laga um lögmenn, sem nýlega var mælt fyrir á Alþingi. Nýleg viðhorfskönnun, sem stjórn Lögmannafélags Íslands lét gera meðal lögmanna, sýndi mikið fylgi við breytingar á fyrirkomulaginu, eins og það er nú. Þá var fjallað um málefnið á aðalfundi L.M.F.I. 7. mars s.l., svo og á sérstökum félagsfundi L.M.F.I., fimmtudaginn 13. mars s.l. Á síðarnefnda fundinum var samþykkt svohljóðandi


*Áskorun til stjórnar Lögmannafélags Íslands*

*Félagsfundur haldinn í Lögmannafélagi Íslands, fimmtudaginn 13. mars 1997, skorar á stjórn félagsins að hún beiti sér fyrir breytingum á ákvæðum frumvarps til laga um lögmenn, sem liggur fyrir Alþingi, um öflun málfutningsréttinda fyrir Hæstarétti Íslands.*

*Skorað er á stjórnina að reyna að tryggja að öflun málfutningsréttinda fyrir Hæstarétti verði bundin almennum hlutlægum reglum, þannig að tryggt sé að allir lögmenn sem uppfylla tiltekin skilyrði hafa jafnan rétt og jafna möguleika til að afla sér þessara atvinnuréttinda.*

Áskorun þessi er send allsherjarnefnd til kynningar.

Virðingarfyllt  
f.h. stjórnar L.M.F.I.



Marteinn Másson, framkv.stj.